



Tálknafjarðarhrepps

Fundur haldinn í skólanefnd 23. nóvember 2006 á skrifstofu
Tálknafjarðarhrepps, Miðtúni 1, kl. 17.00

Mætt undirrituð og fyrirtekið

1. Erindi frá formanni atvinnumálanefnd-V-Barð. beðið var um að viðkomandi nefndir gæfu umsögn og ábendingar um þau málefni er nefndirnar varðar.

Kafla 4.4 Opinber þjónusta (Atvinnumálastefna f. V-Barð)

Nokkuð ítarlega var farið í þennan kafla, nefndin var sammála um að mikilvægt væri að fræða- og frumkvöðlasetur yrði sett á laggirnar þar sem það er undirstaða margs annars í kaflanum. Nefndin var sammála um að stefnan á markmiðin í kaflanum væri öll mikilvæg fyrir svæðið og hvetjum til að þessum atriðum verði hrint í framkvæmd sem allra fyrst.

2. Talað var um sérfræðiþjónustu og upplýsti Ingólfur að starfandi væri hópur innan skólans sem er að undirbúa skoðanakönnun og spurningarlista um þessi mál og önnur sem við koma starfi skólans, væntanlega skilar hann niðurstöðum í febrúar.

3. Ingólfur kom með beiðni um breytingu á skóladagatali. 4. janúar 2007 er starfsdagur kennara og er beðið um að 5. janúar verði líka starfsdagur, þar sem til stendur að kennarar fari í heimsókn í Fossvogsskóla og á námskeið í Mentor og leyst öllum vel á það.

Fundargerð upplesin og samþ. samhljóma.

Fundi slitið kl. 18.20

Guðlaug S. Björnsdóttir (ritar fundargerð).
Guðlaug Björgvinsdóttir. Birna Ben.
Andri Þór Lefever.

Ingólfur Kjartansson.
Sigurlaug Guðmundsdóttir.

Framhaldsfundur í skólanefnd vegna leikskóla. Hófst kl. 18.20

Mætt undirrituð og fyrirtekið.

1. Uppsögn matráðs á leikskólanum

Elísabet upplýsti hver staðan er með matráð og þann vinnutíma sem hann gegnir sem er 2 klst. á dag, en einnig er sami starfsmaður að sinna börnum 3 tíma á dag. Nefndin var sammála um að Elísabet leitaði leiða hjá starfsfólkinu um lausn þessa máls, annars verði fundin önnur leið.

Fundargerð upplesin og samþ. samhljóma.

Fundi slitið kl. 18.55

Guðlaug S. Björnsdóttir (ritar fundargerð).
Birna Ben.

Guðlaug Björgvinsdóttir
Elísabet Kjartansdóttir.